

Fundargerð upplýsingaráðs BÍS 01/2015. fimmtudaginn 16. apríl 2015 kl. 17:30 í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110, Reykjavík.

Mættir:

Gunnlaugur Bragi Björnsson, formaður, Harpa Halldórsdóttir, Helga Stefánsdóttir og Hermann Sigurðsson.

Fjarverandi:

Jón Halldór Jónasson og Heiður Dögg Sigmarsdóttir (vegna misskilnings fengu Jón Halldór og Heiður ekki fundarboð).

Dagskrá:

- 1) Setning: GBB setti fundi og bauð alla velkomna á fyrsta fund ráðsins eftir skátaþing.
- 2) Skátabúningurinn. GBB lagði fram til umræðu skátabúningareglugerð og reglugerð um einkenni til umræðu. Ákvörðun frestað til næsta fundar sem verður eingöngu um skátabúninginn og einkennismerki skáta.
- 3) Erindi frá Liljari í Segli og Ingu í Mosverjum. Upplýsingaráð þakkar fyrir innsent erindi og mun hafa ábendingarnar á bak við eyrað við frekari frétttaflutning. Upplýsingaráð skorar á skátafélögin að senda Skátamiðstöðinni fréttir sínu starfi.
- 4) Norræna skátaþingið 14.-17. maí. GBB fór yfir dagskrá þingins og hvatti ráðsmenn til að taka þátt í þinginu. Þeir eru beðnir um skrá sig á skráningarsíðunni.
- 5) Nýtt skátaheit – framsetning og kynning, íslenska og enska. Upplýsingaráð óskar eftir að eiga fulltrúa í nefnd um framsetningu á skátaheit. HS er falið að senda nánari upplýsingar um þennan vinnuhóp og koma beiðni upplýsingaráðs á framfæri.
- 6) Hópefli stjórnar og ráða verður eftirmiðdag fimmtudagsins 30. apríl. Nánari upplýsingar koma á morgun.
- 7) Erindi stýrihóps vefmála. Upplýsingaráð þakkar fyrir innsent erindi. GBB er falið að svara erindinu.
- 8) Önnur mál
 - a) Hönnun og prófarkalestur. HH leggur til að stofnað yrði hönnunarteymi sem vinnur í samráði við upplýsingaráð. Upplýsingaráð tekur vel í málið en kallar fyrst eftir hönnunarramma frá hönnuðum. HS er falið að kalla á eftir þessum ramma.
 - b) Hlutverk ráðsins. Kallað er eftir því að ræða þetta á næsta fundi.

Næsti fundur er boðaður þriðjudaginn 28. apríl kl. 19.30

Fundi slitið kl. 19.05

Fundargerð ritaði HS